

SARAFIA - HEKLAÐ TEPPI



Handverkskúnst

© Elín Guðrúnardóttir

www.handverkskunst.is

elin@handverkskunst.is

Ferningur:

Byrjið með lit A. Heklið 5 ll, tengið saman í hring með kl.

1. umf: 3ll (*telst sem 1 st*), 2 st inn í hringinn, 3 ll, 3 st, 3 ll, 3 st, 3 ll, 3 st, 3 ll, tengið saman með kl í 3ju ll. Slítið bandið og skiptið yfir í lit B.

(Ath að í raun er alltaf byrjað á seinasta stuðli umferðarinnar, skilst betur þegar þið eruð búnar að gera eina umf)

2. umf: Byrjið í seinasta ll bili fyrri umferðar. Heklið 5 ll (*telst sem 1 st, 2 ll*), *í næsta ll bil [3 st, 3 ll, 3 st], 2 ll* endurtakið frá * til * tvisvar sinnum til viðbótar. Í seinasta ll bilið er heklað [3 st, 3 ll, 2 st], tengt saman með kl í 3ju ll sem var gerð í byrjun.

3. umf: 5 ll (*telst sem 1 st, 2 ll*), *1 st í hvern st fyrri umf (*samtals 3 st*), í hornið er heklað [2 st, 3 ll, 2 st], 1 st í hvern stuðul fyrri umf, 2 ll* endurtakið frá * til * út umferðina, klárið umf með kl í 3ju ll frá byrjun.

4. umf: 5 ll (*telst sem 1 st, 2 ll*), *1 st í hvern st fyrri umf (*samtals 5 st*), í hornið er heklað [2 st, 3 ll, 2 st], 1 st í hvern stuðul fyrri umf, 2 ll* endurtakið frá * til * út umferðina, klárið umf með kl í 3ju ll frá byrjun.

5. umf: 5 ll (*telst sem 1 st, 2 ll*), *1 st í hvern st fyrri umf (*samtals 7 st*), í hornið er heklað [2 st, 3 ll, 2 st], 1 st í hvern stuðul fyrri umf, 2 ll* endurtakið frá * til * út umferðina, klárið umf með kl í 3ju ll frá byrjun. Slítið bandið og skiptið aftur yfir í lit A.

6. umf: Tengjið í 3ju ll þar sem hætt var í fyrri umf. 5 ll (*telst sem 1 st, 2 ll*), *1 st í hvern st fyrri umf (*samtals 9 st*), í hornið er heklað [2 st, 3 ll, 2 st], 1 st í hvern stuðul fyrri umf, 2 ll* endurtakið frá * til * út umferðina, klárið umf með kl í 3ju ll frá byrjun.

Fjöldi:

Ég er með 48 stk ferninga í mínu teppi. Ég nota aðallega 3 liti, er þá með einn aðallit sem eru 24 ferningar og svo hafa hinir tveir litirnir 12 ferningar hvor. Það eru auðvitað ekkert mál að auka við ferningum og stækka teppið.

Skammstafanir á hekli

ll = loftlykkja

ll bil = loftlykkjubil

kl = keðjulykkja

fp = fastapinni

st = stuðull

Að hekla saman:

Það eru margar leiðir til að hekla þá saman en mér líkar best við eina fyrir þetta teppi. Þið snúið ferningunum saman á réttunni, röngurnar út og heklið kl bara í aftari lykkjurnar (semsé þann helming lykkjunnar sem snýr að röngunni).

Að hekla utan um:

1. umf: Þið ætlið að hekla eina umf utan um allt teppið. Stingið nálinni í hvaða lykkju sem er, 1 ll, 1 fp í sömu lykkju, 1 fp í hvern st, 1-2 fp í hvert ll bil, 3 í hvert horn, klárið umf með kl í 1. fp.

2. umf: 1 ll, 1 fp í sömu lykkju, 1 fp í næstu 3 fp, [4 ll, kl í 1. ll] hnútur gerður, *1 fp í næstu 4 fp, [4 ll, kl í 1. ll] hnútur gerður*, endurtakið frá * til * út umferðina, lokið umf með kl í 1. fp. Slítið bandið og gangið frá endum.

(Ath að þetta gengur ekki alltaf alveg upp, en það sést ekkert þótt það séu færri eða fleiri fp á einum stað).